

139.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar. Haldinn miðvikudaginn 22.apríl kl. 17:15 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Mættir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður(HH), Magda Kulinska fulltrúi(MK), Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi(KH), Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi (ÁSG)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (GS), Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans (SP), Berglind Axelsdóttir aðstoðar skólastjóri grunnskólans (BA), Benný Eva Benediktsdóttir fyrir Helgafellssveit (BEB), Ingunn Sif Höskuldsdóttir fyrir foreldra leikskólabarna (ISH), Ægir Breiðfjörð Jóhannsson fyrir foreldra grunnskólabarna (ÆBJ), Elísabet Björgvinsdóttir fyrir starfsfólk leikskóla (EB) Guðrún Harpa Gunnarsdóttir (GHG) fyrir foreldra leikskólabarna

Kristbjörg Hermannsdóttir ritar fundargerð.

Formaður setti kl. 17:15

Dagskrá:

1. Málefni grunnskólans.

a. Undirbúningur skólaloka

a. Viðtöl

Vinummat liggur til grundvallar viðtala við kennara fyrir haustið. Þau viðtöl eru hafin en munu hefjast þegar sameiginlegur undirbúningur skólanna á nesinu lýkur.

b. skólaverkefni til loka, m.a. heimsókn frá Kolding, menningarferð 5. bekkjar - vettvangsferð 2.og 3. bekkjar í Dalina, lokaferð 10. bekkjar

Kolding heimsókn með öðru sniði vegna ákvörðunar foreldra í Kolding. Hópurinn sem átti að tengjast árgang 2000 í GSS völdu að fara frekar til Parísar frekar heldur en til Íslands. Árgangur 2000 í GSS fá að taka þátt í komu hópsins sem heimsækir 10. Bekk í vor.

Á sunnudaginn n.k. fer 5.bekkur í menningarferð.

c. námsmat / próf

b. Ýmis verkefni sem eru í gangi, s.s.

Aðalnámsskrá

BA segir frá vinnu kennara með grunnpættina. Þessi vinna mun verða sýnileg á heimasíðu skólans.

a.

námsmat í GSS

Námsmat: nýr kvarði bókstafir í stað tölustafa er skylda í 10.bekk. Kennarar tóku sameiginlega ákvörðun um að þessi nýi kvarði verði notaður fyrir alla bekki. Nánari útfærsla á því hvað bókstafirnir þýða er aðgengileg t.d. á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Á mánudaginn n.k. munu prófadagar liggja endanlega fyrir.

b. kannanir

Góð þátttaka í könnun sem lögð var fyrir foreldra og niðurstaða verður birt á heimasíðu skólans.

Könnun var einnig lögð fyrir starfsmenn skólans og mun niðurstaða einnig verða birt á heimasíðu skólans.

c. Byrjendalæsi

Er hluti af þeirri vinnu sem íslensku hópurinn sem stofnaður var til að fara yfir niðurstöður samræmdra próf.

c. Undirbúningur næsta skólaárs

Ekki miklar manna breytingar framundan og það liggur ljóst fyrir hverjir eru að láta að störfum.

a. Skóladagatal 2015 – 2016dx

GS leggur skóladagatal fyrir og fer yfir reglur tengdar því.

b. Önnur mál !

BAB Fyrirspurn um lesblindupróf

BA segir frá því að búið sé að leggja til samvinnu við félags og skólaþjónustu. Stendur til að sérkennari frá Snæfellsbæ komi í GSS og leggi fyrir þessi próf fyrir vorið.

ÁSG Fyrirspurn um stöðugildi

GS Samsetning nemendahópsins liggur til grundvallar því.

EB Fyrirspurn um ráðningu þroskaþjálfara

GS og BA vilji til að fá bæði sérkennara og þroskaþjálfara í GSS

Umræða um nauðsyn þess að fá meiri ráðgjöf frá félags og skólaþjónustunni.

HH Hversu langt er aðalnámskráin komin?

BA Hún er í vinnslu.

2. Málefni leikskólans

a. Opið hús 22. apríl 14:00 – 16:00

Góð mæting og vel heppnað.

b. Sýndar verða/voru einstaklingsmöppur barnanna sem hefur verið unnið að í vetur.

SÞ sýnir fundarmönnum einstaklingsmöppur með skráningum.

c. Sérfræðingar eru að klára vinnu sína í vetur

d. Lagt fram skóladagatal 2015 – 2016

e. Lagt fram bréf til bæjarráðs v/ sérkennslu næsta vetur

f. Starfsmannaviðtöl næstu tvær vikur

- g. Sumarleyfisskráning að klárast og skipulag að verða klárt.
- h. Búið að segja upp fyrir nokkur börn vegna aldurs og flutninga.
- i. Blár dagur einhverfra, héldum upp á daginn og minntum á hversu stórt litrófið er og að það er pláss fyrir alla!
- j. Skipulagning fyrir haustið komin af stað, bæði fyrir börn og kennarar

Umræða um þörfina fyrir stuðninginn/sérkennslu innan beggja skólastiga og hversu mikilvægt er að grípa sem fyrst inn í og strax á leikskólastigi.

HH Hversu mörg hafa sagt upp plássi?

SP Búið að segja upp plássi fyrir fimm börn en fyrirséð að skólinn verði fullsetinn n.k. haust samt sem áður.

3. Önnur mál

1) *Tillaga 1 frá Kristbjörgu Hermannsdóttur*

Lagt er til að Bæjarstjórn setji skýrar reglur um ráðningar starfsfólks í námi sem ekki hefur beina tengingu við vinnustaðinn, og þarf að vera í burtu frá vinnu vegna verknáms í skemmri eða lengri tíma. Það ætti ávallt að vera auðsótt að stunda nám samhliða vinnu í leikskóla sé viðkomandi að ná sér í leikskólakennararéttindi og við grunnskóla sé viðkomandi að ná sér í grunnskólakennara réttindi o.s.frv.

Tillaga þessi er lögð fram í ljósi bókana frá leikskólastjóra á 134. fundi skólanefndar 10. September 2014 og 138. fundi skólanefndar 11. mars s.l.

Umræða

Tillaga samþykkt samhljóða

2) *Tillaga 2 frá Kristbjörgu Hermannsdóttur*

Tillaga um að leyfa skólanefnd að fylgjast betur með mannráðningum þ.e. láta vita af þegar auglýst er eftir starfsfólki, hverjir sækja um hvaða stöður og hverjir eru ráðnir og á hvaða grundvelli. Ástæða þessarar tillögu er að gera skólanefnd kleift að styðja við ráðningar og skólastarfið um leið. Ef að við eigum að vera talsmenn skólanna út á við þá verðum við að vera vel upplýst.

Tillaga

Felld með þremur atkvæðum gegn einu

Breytingatillaga frá HH

Tillaga um að leyfa skólanefnd að fylgjast betur með mannráðningum þ.e. láta vita af þegar auglýst er eftir starfsfólki, hverjir sækja um hvaða stöður og hverjir eru ráðnir.

Tillaga samþykkt með þremur gegn einu

3) *Fyrirspurn frá Kristbjörgu Hermannsdóttur*

Fyrirspurn varðandi útkomu samræmdra prófa með vísan í þær kynningar sem við höfum fengið á þessu skólaári. Hvernig ætla íslensku og stærðfræði teymin að vinna í þessum málaflokki og hvort einhverjar skýringar eru t.d. á slökum árangri 7.bekkjara s.l. fimm ár ef frá er talinn árangur í stærðfræði árið 2013. Verður þessi vinna sýnileg almenningi?

Það verður gerð 3-4 ára áætlun sem verður sýnileg á heimsíðu skólans. Stefnt verður að að meta þessa vinnu með reglulegu millibili á þessu tímabili og það gert sýnilegt á heimasíðu skólans. Verklýsing beggja teyma, stærðfræði og íslensku, verður klár fyrir skólalok og vinnan hefst formlega næsta haust.

4) *Athugasemd frá Kristbjörgu Hermannsdóttur*

Athugasemd vegna skorts á samvinnu þegar skóladagatal GSS var unnið, í ljósi þess að drögin voru lögð fyrir skólanefnd á síðasta fundi. Var ekki búið að leggja á ráðin um að vinna þetta sameiginlega með leikskólanum og tónlistarskólanum. Ég vísa í bókun 130.fundar skólanefndar 6.mars 2014 þar sem skráð var að reynt yrði að sameina starfsdaga allra skólanna.

Umræða

Skólastjórnendur voru sammála um að bæta úr að ári.

Benný vék af fundi kl. 17:50

Fundi slitið kl. 19:15

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, (sign)

Magda Kulinska fulltrúi, (sign)

Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi, (sign)

Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi (sign)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, (sign)

Berglind Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólans,(sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, (sign)

Elísabet Björgvinsdóttir fyrir starfsfólk leikskóla (sign)

Benný Eva Benediktsdóttir fyrir Helgafellssveit, (sign)

Ægir Breiðfjörð Jóhannsson fyrir foreldra grunnskólabarna, (sign)

Guðrún Harpa Guðmundsdóttir (sign)

